


## LISTIR



ÚR myndröðinni „Stjörnuþyrping“ eftir Bernard Moninot.

Morgunblaðið/Árni Sæberg

# Sjónkeilur Moninots

## MYNDLIST

### Kjarvalsstaðir

#### BLÖNDUÐ TÆKNI BERNARD MONINOT

Opið alla daga frá 11 til 18. Aðgangseyrir 300 kr. Til 17. maí.

BERNARD Moninot er franskur myndlistarmaður sem sýnir á göngum Kjarvalsstaða. Flest verk in eru frá árablinu 1989 til 1992, og tvö frá 1996. Meginhluti sýningarinnar samanstendur af sex myndröðum í miðryminu og eru öll verk in unnin á gler í þunnum málmrómmum.

Eftir því sem ég fæ best skilið er viðfangsefni Moninots sjón, ljós og tími. Hann nálgast sjónina á nánast eðlisfræðilegan hátt. Það er hvorki augað, skynjun þess eða það sem skynjað er, heldur sjónkeilan sem afmarkar sjónsviðið á geometrískan hátt. Myndirnar eru fullar af hringjum, keilum, spirólum, gormum og diskum sem gefin eru til kynna með hnitkerfi lína sem minna einna helst á eðlisfræðilega uppdrætti.

Sjónedlisfræði Moninots á sér langa hefð í franskri hugmynda-sögu, allt frá dögum Descartes. En það er einkum franskri myndlistarmaðurinn Marcel Duchamp sem kemur upp í hugann, ekki vegna þess að Moninot er ný-dadaisti, heldur vegna skyldleika við ákveðnar hugmyndir Duchamps og útfærslu þeirra í verkum eins og „Stóra-glerinu“. Duchamp hafði einnig mikinn áhuga á mekanisma

sjónarinnar og um það leyti sem hann fjarlægðist málverkið snemma á ferlinum tók hann til við að gera myndir á gleri sem svipuðu sum til verkfræðilegra uppdrættu. Kallaði hann þessar glermyndir „frestun á gleri“, þar sem ferðalagi ljóssins til augans er frestað í plani myndarinnar. Gler Moninots eru svipaðar sneiðar af rúm/tíma atburðarás, þar sem ljósið fellur á glerið og er haldið þar í gíslingu tímans. Til að leggja áherslu á þetta sáldrar Moninot litnum á glerin og festir á glerið eða maskar glerið til að mynda formin.

Á veggnum sem sýnir út að glugganum á miðryminu eru finleg málsmiðastykki, sem Moninot kallar „Studiolo“, og sem minna einna helst á mælitæki frá upphafi vísindabyltingar á sautjándu öld. Þessi verk eru nokkurs konar módel af mekanisma sjónarinnar og hann notar þau sem fyrirmyndir að glerverkunum, m.a. með því að láta skuggann af módelunum falla á glerin.

Moninot notar skuggann á skemmtilegan hátt sem mynd ljóssins í nokkrum verkum á vegg við Vestursal. Þar endurskapar hann á einfaldan hátt, með hvítum doppum sem svífa rétt yfir veggnum, skuggaspil sem varð til á vinnustofu hans þegar sólin skein inn um gluggann og sýna þannig sneið af ljóskeilu á tilteknum stað og tíma.

Öll útfærsla verkanna er fágúð og nákvæm. Myndirnar í miðryminu eru mjög grafískar og minna á ætingar sumar hverjar. Það er hin

finlega grafíska útfærsla sem gríp-ur augað án þess að sjónfræði Moninots sé manni endilega ofarlega í huga. Annars finnst mér að sýningin standi ekki og falli með þessum þælingum, og að því leyti til er hann ólíkur Duchamp, sem einmitt reyndi að halda allri myndrænni fagurfræði í skefjum. Enda er ég ekki sérstaklega viss um hversu mikil alvara Moninot sé með sjónfræði sinni og hvort hún gegni ekki aðallega því hlutverki að vera baksvið fyrir myndirnar, sem efniviður fyrir myndlýsingar.

Sýningin ber merki um handbragð Gunnars Kvaran, enda sjálf-sagt skipulögð á meðan hann var enn forstöðumaður Kjarvalsstaða. Á meðan hann var forstöðumaður Kjarvalsstaða fengum við að kynna-st allmörgum frönskum listamönnum. Ekki var maður nú alltaf klár á því hvað réð vali hans á listamönnum. Moninot mun hafa haldið sýningu í listasafninu í París, Galerie Nationale du Jeu de Paume, fyrir ári og er sýningar-skráin sem fylgir frá þeirri sýningu. Sigurður Pálsson þýddi á íslensku greinina úr þeirri skrá og fylgir þýðingin með. Einhvern veginn kemur ekki á óvart að sjá mynd í sýningarskrá af Moninot á góðri stund með Erró og komast að því að Erró hafi greitt götu hans í myndlistarlífi Parísarborgar. Getur verið tilviljun að hann skjóti síðan upp kollinum hér á Íslandi? Hvað sem því líður er þetta athyglisverð sýning sem gleður augað.

Gunnar J. Árnason

# Ögun = gleði?

## TÓNLIST

### Víðistaðakirkja

#### TÓNLEIKAR

Verk eftir inn- og erlenda höfundu, auk upphafs- og lokaatriðis úr Þrymskviðu e. Jón Ásgeirsson. Karlakórinn Prestir u. stj. Jóns Kristins Cortez; Bergþór Pálsson baryton; Lára Rafnsdóttir, píanó. Víðistaðakirkju, fimmtudaginn 30. apríl kl. 20:30.

VORTÓNLEIKAR elzta karlákórs landsins voru haldnir í Víðistaðakirkju s.l. fimmtudag fyrir troðfullu húsi. Verkefnavalið var með virðulegu hefðbundnu karlákórssniði. Hér var ekkert gospel-hark, íslensk lög þar að auki í meirihluta, og jafnvel „léttasti“ þáttur dagskrár, Vínarvalsar (syrpa í ágætri útsetningu Magnúsar Ingimarssonar), löngu viðurkenndur pappír á beztu bæjum.

En hafi kannski almennt mátt óska sér nánari tengsla við nútímann (þó ekki skuli afdráttarlaust tekið undir andvarp ónefndrar kórstyrju um að það bezta sem gæti hent hérlendri kórmenningu væri ef sem flestum tenórum og bössum karlákóranna yrði úthlutað til blönduðu kóranna), kom eitt dagskráratriði á óvart: Þrymskviða Jóns Ásgeirssonar. Söng kórinn ásamt Bergþóri Pálssyni í tónleikalok upphaf og niðurlag þessarar fyrstu heilskvöldsoperu Íslendinga, og var það í fyrsta skipti um langa hríð sem undirritaður hefur rekizt á tónverkið á almennum tónleikadagskrám. Fyrirnefnd atriði, „Gáttir allar, áður gangi fram“ og „Eg em Óðins sonur / Heill þér, Óðins sonur“ voru skörulega flutt við óvenjusnarpan pí-anóundirleik Lára Rafnsdóttur (sem hefði jafnvel mátt vera enn hrynpyngr), og fersk eftirvæntingarspennan sem lá yfir einkum byrjunaratriðinu vakti til umhugsunar um, hvort ekki sé kominn tími á að gefa þennan merka tónsögulega áfangu lýðveldisins út á hljómdisk - sem og reyndar fleiri íslensk verk frá því fyrir „gæðabyltingu“ Sinfóníuhljómsveitarinnar á 9. áratug, því spurning er, hvort eldri segulbandaupptökur stofnunarinnar séu fyllilega sambærilegar við það sem hægt er að gera í dag.

Eftir skrykkjótta byrjun á áthaga-ðó Hafnfirðinga „Hafnarfjörður“ utan prentaðrar dagskrár, sem virtist hafa komið kórflögum í opna skjöldu, sungu kórflélagar „hiti“ lagið (s.s. ekki það eftir Kaldalóns) við Á Sprengisandi í útsetningu Jóns Ásgeirssonar. Kom þá þegar fram sem glíti allt til loka hvað hinn nýi stjórnr-

andi, er tók við s.l. haust, náði næmri svörum frá kórnum í hendingamótum og dýnamík. Er slík ögun sjaldséd á vettvangi karlákóra, sem vanari eru stormi og frelsi, og ekki að efa að eigi eftir að bera drjúgan árangur, ef söngstjórnir ber jafnframt gæfu til að viðhalda þeirri sönggleði sem er meginádal íslenskrar karlákórsmenningar. Hinn stundum nokkuð daufi tónn, sem lýsti sér m.a. í tilhneigingu til að síga á háum tónum, einkum er veikt var sungið, gaf vísbendingu um að hér væri aðgátar þörf - komi ekki einnig til meiri áherzla á radhjálfun og aukinn þindarstuðning. Ögun ber sízt að lasta, en henni þarf að fylgja hvatning og uppörvun.

Meirihluti fyrri helmings dagskrár var án undirleiks, og stóðu þar upp úr Undir bláum sólaráli (að vísu heldur í sprettharðara lagi), Íslands vísur og Herhvöt (bæði e. Bjarna Þorsteins-son), hinn hraustlegi og skýrt mótaði mars Josephs Stuntzs, Fanna skautar, og sérkennileg útsetning (nafns útsetjara var eigi getið) á Söng „ferjumannanna“ [sic; væri ekki réttara „bátsdráttarkarlanna“?] við Volgu, þar sem kórinn var notaður fyrir sparlega, við hraustlegan einsöng Bergþórs Pálssonar.

Bergþór söng loks tvö einsöngslög fyrir hlé með glæsibrag, Fögur sem forðum og Hamraborgina, við öruggan undirleik Lára, er lét ekki aftra sér að flygillinn hefði mátt vera betur stilltur. Textatúlkun Bergþórs var að vanda tilþrifamikil og með afbrigðum skýr, ekki sízt í Hamraborginni - jafnvel svo, að framburðurinn mætti stundum vera ögn nær eðlilegu talmáli, t.d. sérhljóðið u, er stundum minnti á hið þýzka ü. Hinu duldist engum, að hér fór söngrari með óvenjumikla sviðsútgeislun og ósvikna tilfinningu fyrir gamanleik.

Svo stíklað sé á stóru á dagskránni eftir hlé, var verulegt bragð að voldugri en þó skemmtilega andstæðuauðugri túlkun kórsins á Skarphéðni í brennuni e. Helga Helgason, og kvað einnig mikið að kvæðamannasöngvasyrpum Jóns Leifs, Dýravisum og Siglingavisum, þar sem stjórmandinn gæddi verkin nýjum ferskleika með miklum andstæðum í hraðavali. Helgum frá dögguvum himnabrunns í íslenskun Halldórs Laxness (betur þekkt undir titli Burns, Drink to me only) var sérlega vel mótað með sannfærandi rúbatóum á vídeigandi stöðum, og hin fállega, vinsæla og að mesta einradda hollenzka Pakkarbæn vakti geysigóðar undirtektir áheyr-enda, sem og Vínarvalsasyrpan næst á undan Þrymskviðuatriðinu í tónleikalok sem áður var getið.

Ríkarður Ö. Pálsson



Morgunblaðið/Egill Egilsson

**BJÖLLUKÓR** Bústaðakirkju heimsótti Flateyringa og hélt tónleika í íþróttahúsinu laugardaginn 25. apríl.

## Bjöllukór Bústaðakirkju á ferð

Flateyri. Morgunblaðið. BJÖLLUKÓR Bústaðakirkju heimsótti Flateyringa og hélt tónleika í íþróttahúsi Flateyringa laugardaginn 25. apríl sl. Fyrir kórnum fóru þeir sr. Pálmi Matthíasson, prestur Bústaðakirkju, og organisti kirkjunnar, Guðni Guðmundsson.

Kórinn hélt hina prýðilegustu tónleika, ekki var eingöngu leikið á bjöllur, heldur einnig á ýmis önnur hljóðfæri eins og harmoníku, flautu og hljómborð. Tilgangur farar-

innar var að enda vetrarstarf unglinganna í Bústaðakirkju með því að bregða sér út á land og halda tónleika fyrir landsmenn, samkvæmt venju. Í fyrstu hafði eingöngu verið ákveðið að spila á Flateyri og Ísafirði, en á síðustu stundu bættist Þingeyri við á kortið vegna áhuga heimamanna þar á að hlýða á kórinn.

Létt var yfir kórmeðlimum og í lokin eftir upplapp voru tekin nokkur aukalög á eftir aukalögnum með aðstoð heimamanna.

## Fáðu senda hugmyndabæklinga



BM-Vallá hjálpar þér að fegra hús og garð. Pantaðu bæklingana Húsið og framkvæmdirnar og Garðurinn og umhverfið.

**BM-VALLÁ**

ALLAN SOLAR-HRINGINN  
800 4500

GÆÐAKERFI  
VOTTAD  
IST ISO 9001

FLÍSASKERAR  
RUBÍ OG FLÍSASAGIR

Flísabúðin

Stórhöfða 17, við Gullinbrú,  
sími 567 4844



www.mbl.is